



Sauðárkróki, 22. febrúar 2018

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggingastofnunar um tillögu til þingsályktunar um mótun eigenda-stefnu ríkisins fyrir bújarðir, mál 52.

Við undirbúning að gerð byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024 var lögð áhersla á opinn mótunarferil og víðtækt samráð haft um gerð áætlunarinnar í samræmi við lög nr. 69/2015, um byggðaáætlun og sóknaráætlanir. Á árinu 2016 voru m.a. haldnir samráðsfundir í öllum ráðuneytum og í einstökum landshlutum með samráðsvettvöngum sjö landshluta. Samráðsvettvangar landshlutanna eru skipaðir nokkrum tugum einstaklinga úr öllum geirum og svæðum landshlutans og móta sóknaráætlanir þeirra. Á þessum fundum var opnað fyrir samráð sem síðan var ræktað á heimasíðu Byggingastofnunar þar sem gögn voru aðgengileg og allir gátu sett fram tillögur. Að auki var fundað með starfshópi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um að treysta innviði og búsetu í sveitum og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál þar sem sitja fulltrúar allra ráðuneyta.

Á fundum með samráðsvettvöngum landshlutanna um byggða-áætlunina komu fram áhyggjur af jarðakaupum fólks sem ekki hyggur á búsetu á jörðunum, einkum kaupum á jörðum með veiðihlunnindi. Svo rammt kveður að þessari þróun að í sumum sveitum telst hún, að mati heimamanna, ógna landbúnaði og varanlegri byggð.

Það er mat Byggingastofnunar að heppilegt sé að gerð verði úttekt á eignarhaldi og nýtingu. Að því búnu er æskilegt að mótuð verði stefna varðandi þær bújarðir sem ríkið á með það að markmiði að treysta innviði og búsetu í sveitum. Stofnunin telur að skýr stefnumörkun á þessu sviði gæti í einhverjum tilvikum eflt búsetu í byggðum sem standa höllum fæti.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði
Byggingastofnunar.*